



Ræktunarmarkmið fyrir íslenskan fjárhund.

Heimaland: Ísland.

Heildar-
svipur:

Íslenski fjárhundurinn er dæmigerður norrænn hundur (enska:spitz, sænska:spets) með upprétt eyru og hringað skott. Séð frá hlið, standandi, mynda búkur og lappir rétthyrning. Bak er nokkru lengra en hæð hundsins. Hárslag er mismunandi en ávallt þétt og hrindir vel frá vatni. Íslenski fjárhundurinn er fjörlegur, vingjarnlegur, forvitinn og hugrakkur. Svipur er glaðlegur og oft brosleitur, eyru síkvik. Hann er kvikur og léttur í hreyfingum og mjög úthaldsgóður. Smalæiginleikar eru sterkir en veiðieiginleikar lítt proskaðir. Hann er því sérlega góður smalahundur og ágætur varðhundur án þess að vera grimmur. Útlitsmunur er greinilegur milli kynja

Höfuð:

Höfuð er breitt milli eyrna með nokkuð hvelfda kúpu. Ennisbrún er greinileg en ekki há né kröpp. Kinnar eru sléttar. Trýni er fremur stutt og nefbak samsíða ennislinu. Trýnið mjókkar fram í snubbóttan þríhyrning bæði séð frá hlið og að ofan. Nasaumgjörðin er vel proskuð. Varirnar eiga að liggja þétt að munni. Litur á vörum og nasaumgjörð á að vera svartur nema á mórauðum og leirhvítum hundum má hann vera brúnn.

Augu:

Augun eiga að vera í meðllagi stór og möndululaga. Liturinn á að vera dökkur en má vera ljósari á mórauðum og leirhvítum hundum. Hvarmalitur á að vera svartur nema á mórauðum og leirhvítum hundum má hann vera brúnn. Augnaráðið er fjörlegt, greindarlegt og óttalaust.

Eyru:

Eyrun eiga að vera upprétt, þríhyrnd, breið neðst. Þau eru mjög hreyfanleg og síkvik.

Bit:

Skærabít (sjá skýringarmynd).



Háls: Hálsinn á að vera í meðallagi langur, kröftugur og hnakkinn hvelfdur. Húð á að liggja þétt að hálsi. Höfuðið skal borið hátt.

Bolur: Bolurinn á að vera rétthyrndur. Brjóstkassinn á að vera langur, djúpur og breiður. Lendin stutt og hvelfd og afturhluti vel vöðvaður. Bolurinn á að vera sterklegur án þess að vera grófur. Kviður sé aðeins uppdreginn.

Útlimir: Framfætur séu beinir, vel vöðvaðir með þétt strengdri húð. Bógliðarbeyja rúm og fótlyfting óþvinguð. Afturfætur séu sterklegir, vöðvafylltir og með eðlilegri hækilbeygju, sem leyfir góða spyrnu og óþvingaðar hreyfingar. Tvöfaldir sporar eru æskilegir á afturfótum, en geta komið fyrir á framfótum líka (alspora).

Lappir: Lappir eiga að vera sporöskjulaga, tær vel hvelfdar, þétt saman og þófarnir vel proskaðir.

Rófa: Rófan á að vera mjög loðin, hátt sett og vel hringuð.

Hreyfingar: Hundurinn á að hafa léttar hreyfingar og mikla yfirferð.

Hárafar: Tvenns konar hárafar kemur fyrir

Meðallangt hárafar:

Ytri hár (vindhár) skulu vera í meðallagi löng, þelið þétt og mjúkt. Í andliti, á eyrum og framan á fótleggjum á hárið að vera þétt og stutt, en á hnakka, hálsi, bringu, aftan á bógum, skotti og lærum (buxur) á það að vera lengra.

Langt hárafar (lubbar):

Vindhár skulu vera lengri en í meðallagi, þelið þykkt og mjúkt. Hárið í andliti, á eyrum og framan á fótum er stutt, löng hár eru aftan á eyrum og vindhárafanir aftan á framfótum. Á hnakka, hálsi, bringu og aftan á lærum (buxtur) eiga að vera löng vindhár. Rófan á að vera mjög loðin.

Litur: Allir litir eru leyfilegir, en æskilegast er að einn aðallitur sé ríkjandi. Hvítir flekkir koma oftast fyrir sem blesa, hálskragi (strútóttir), á bringu, á rófubroddinum (týra), á fótum og tám. Alveg einlitir hundar eru ekki æskilegir.

Hæð: Æskileg hæð er 38-44 sm fyrir tíkur, 42-48 sm fyrir hunda. Baklengd er heldur meiri en hæð á herðakamb.

Gallar: Öll frávik frá þessari lýsingu eru gallar og eiga að dæmast í hlutfalli við kosti hundsins, heildarsvip og sköpulag. Hundum með frávik, sem eru óeðlileg fyrir íslenska fjárhundinn, eða afbrigðilegt sköpulag, ber að vísa frá dómi. Að öðru leyti vísast í sýningarreglur.

Eyru:

Eyrun eiga að vera upprétt, þríhyrnt, breið neðst. Þau eru mjög hreyfanleg og síkvik.

Öt:

Öt er sjá skýringarmynd.

Með biti er ekki eingöngu átt við tennur, kjálkar eiga einnig að vera vel þroskaðir og kröftugir.

Tannförmúlan er: $2 \times \frac{3142}{3143}$ efri kjálki = 42 tennur.
neðri kjálki

SKÆRABIT

SAXBETT
scissors bite




Fig. 1

TANGARBIT

TANGBETT
level or pincer bite




Fig. 2

FRAMSTÆTT SKÆRABIT

OMVÄNT SAXBETT
reversed scissor bite




Fig. 3

YFIRBIT

ÖVERBETT
overshot bite




Fig. 4

UNDIRBIT

UNDERBETT
undershot bite




Fig. 5